

það væri það, sem jafnvel gæti talizt kriminelt, tel ég þá ekki geta ofsótt og lögsótt Matthías“.

Nefndur Elías hefur ekki staðfest vottorð þetta og gefið skýrslu fyrir dómi, enda er ljóst, að það er ekki samið til notkunar í þessu máli.

Af framangreindum ástæðum eru ekki efni til að ómerkja nefnd ummæli.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00 fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Lögbann, framkvæmt 24. október 1969 við gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla af Matthíasi Gestssyni, staðfestist.

Stefndi greiði stefnanda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 86/1970. **Lárus Ó. Þorvaldsson**
(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

Skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga (Skúli J. Pálmason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.999.71 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann, að viðurkenndur verði

sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Ó. Þorvaldsson, greiði stefnda, skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. marz 1970.

Stefnandi í málinu er Lárus Ó. Þorvaldsson vélstjóri, Álfheimum 66, Reykjavík, en stefndi skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Reykjavík.

Málið er þingfest 24. nóvember 1967.

Í stefnu krefur stefnandi stefnda um greiðslu á kr. 20.022.89, en við munnlegan málf lutning lækkaði hann þá kröfu í kr. 19.715.60, ásamt 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var í mörg ár vélstjóri á skipum stefnda, en lét af þeim störfum þann 5. október 1966. Á því ári var hann lögskráður I. vélstjóri á m/s Litlafelli og m/s Arnarfelli, skipum stefnda, í samtals 268 daga. Hins vegar var stefnandi í þjónustu stefnda á því ári í alls 278 daga, þar af í fríi dagana 12. janúar—21. janúar.

Stefnandi telur stefnda skulda sér kaup fyrir unna frídaga á árinu 1966, en stefndi telur, að stefnanda sé fullgreitt fyrir þessa vinnu.

Heildarsættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs. Munnlegur málf lutningur fór fram þann 9. marz s.l.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar og rökstuðning í stefnu:

„a) Stefnandi telur sig eiga rétt á samkvæmt A lið 4. gr. kaup- og kjarasamnings milli Vélstjórafélags Íslands annarsvegar og Vinnuálasambands samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. árlegu sumarfríi 31 dag.

b) Hann kveður sig sem yfirvélstjóra eiga rétt á samkvæmt 3. mgr. 15. gr. sama samnings að minnsta kosti 6 daga fríi vegna helgi- og hátíðisdaga.

c) Hann kveður sig eiga rétt á sem yfirvélstjóra samkvæmt 3. mgr. 15. gr. sama samnings 25 daga fríi á ári vegna unninna sunnudaga og helgidaga.

d) Þá kveður hann sig sem yfirvélstjóra eiga rétt á samkvæmt 0 lið 4. gr. samningsins 23 daga fríi á ári með 60% álagi vegna styttingar vinnuvikunnar.

Með vísan til ofangreindra ákvæða kaup- og kjarasamnings telur stefnandi, að yfirvélstjóra beri að minnsta kosti 85 daga frí á ári, og sé tvímælaust, að frí þetta miðist við almanaksár, þannig að af 365 dögum í árinu sé honum aðeins skylt að vinna 280 daga til að halda fullum árslaunum og fullum launum fyrir frídaga o. fl. samkvæmt framangreindu. Stefnandi telur, að reikna beri samkvæmt nefndum samningi framangreinda frídaga o. fl. hlutfallslega miðað við grunntöluna 280, og samkvæmt því telur hann sig eiga rétt á fríðögum o. fl. sem hér segir:

a) Samkvæmt a lið hér að framan beri honum því, miðað við 268 skráningardaga, 29.7 dagar í sumarfrí.

b) Samkvæmt b lið hér að framan beri honum vegna helgi- og hátíðisdaga, miðað við sama skráningardagafjölda, 5.77 dagar.

c) Samkvæmt c lið hér að framan, miðað við sama skráningardagafjölda og áður greinir, beri honum 23.09 dagar vegna unninna sunnudaga og helgidaga.

d) Samkvæmt d lið hér að framan beri sér, miðað við sama skráningardagafjölda og áður greinir, 22 dagar með 60% álagi vegna styttingar vinnuvikunnar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á að fá greiddar á árinu 1967 vegna sumarfrís o. fl. samkvæmt framan- greindu samtals 81.37 daga og þar af 22 dag greidda með 60% álagi.

Stefnandi kveður stefnda hafa greitt fyrir árið 1967 samtals 57.34 frídaga og þar af séu 14.68 dagar greiddir með 60% álagi.

Kveður því stefnandi, að stefndi eigi honum ógreidda 24.03 frídaga o. fl. og þar af beri að greiða 7.32 frídaga með 60% álagi.

Stefnandi kveður mánaðarkaup sitt á m/s Arnarfelli 1967 samkvæmt reikningnum hafa numið kr. 21.156.83, þannig að laun pr. dag nemi því kr. 705.23. Stefndi skuldi honum því vangreidda frídaga 16.78 á kr. 705.23, eða samtals kr. 11.763.24, og vangreidda frídaga o. fl. með 60% álagi 7.32 á kr. 1.128.37 pr. dag, eða kr. 8.259.65, eða samtals kr. 20.022.89“.

Við munnlegan málflytning lagði lögmaður stefnanda fram reikningsyfirlit með endurskoðuðum útreikningi á kaupkröfu stefnanda og lækkaði stofnfjárhæð stefnukröfu í samræmi við það, en sundurliðunin er þannig:

„Mánaðarlaun.	
Grunnlaun	kr. 13.739.40
Aldursupp.	— 3.104.20
Mótortillegg	— 673.74
v/laugard.	— 380.00
	<hr/>
	Kr. 17.897.34
Vísitölub. 13.42%	— 2.401.82
Landg.fé	— 460.00
	<hr/>

Mán.laun kr. 20.759.16

Laun pr. dag kr. 691.97.

An: Vangreiddir frídagar 16.76 á 691.97 pr. dag . . kr. 11.611.26

An: Vangreiddir frídagar með 60% álagi, 7.32

dagar á kr. 1.107.15 pr. dag — 8.104.34

Ofangreind laun eru reiknuð samkvæmt gildandi kauptaxta í október 1966“.

Svo sem áður segir, byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi þegar verið greitt fyrir ofan nefnda vinnu. Krafa stefnanda sé sprottin af röngum skilningi hans á nefndum kjarasamningi, sem lagður hafi verið til grundvallar við uppgjör á launum til stefnanda, svo sem launaútreikningur á dskj. nr. 6 beri með sér. Í því uppgjöri hafi útreikningur á frídagaréttindum verið miðaður við 365 daga á ári, þannig að ýmist hafi hlutfallstalan 268/365 eða 278/365 verið lögð til grundvallar, eftir

Stefndi segir, að samtals hafi stefnanda verið reiknað frí í 59.31 dag. Gert hafi verið upp við stefnanda á ofangreindum grundvelli, bæði þegar hann hafi lokið störfum endanlega hjá stefnda svo og ávallt áður án nokkurra athugasemda af hans hálfu. Af því, sem rakið hefur verið, megi ljóst vera, að kröfugerð stefnanda fái ekki staðizt.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að misræmis gæti í kröfugerð stefnanda, miðað við áðurnefndan kjarasamning. Í 0 lið 4. gr. umrædds samnings sé vélstjórum veittur réttur til 20 daga viðbótarfrís á ári vegna styttingar vinnuvikunnar hjá öðrum stéttum. Stefndandi geri hins vegar kröfu til þess, að þessir dagar séu taldir 23 á ári. Þessu mótmælir stefndi og vísar í samninginn um það.

Þá sé og að öðru leyti misræmi í kröfugerð stefnanda, þar sem hann segi, að stefndi hafi greitt sér fyrir árið 1966 samtals 57.34 frídaga og þar af 14.68 daga með 60% álagi. Samkvæmt dskj. nr. 6 hafi stefnanda verið reiknað kaup í 59.31 dag fyrir þessa vinnu, þar af 15.23 með 60% álagi.

Loks reikni stefndandi sér kr. 705.23 í dagkaup, en samkvæmt dskj. nr. 6 beri honum einungis dagkaup, sem svo sé fundið:

$$\frac{756.63 \times 11 + 640.23 \times 48 + 651.17 \times 92 + 676.63 \times 92 + 687.57 \times 35}{278} =$$

666.46 kr.

Útreikningar af hálfu stefnda á þessari vinnu stefnanda á dskj. nr. 6 eru svohljóðandi:

„Sumarleyfi 31 d. + 25 d. v/sunnudaga = 56 pr. 365 d.

Skip:	Tímabil	Réttur	á	kr.
Litlafell	1/1—11/1, 11 d.	1.69	756/63	1.278.70
Arnarfell	12/1—28/2, 43 d.	7.36	640/23	4.712.09
—	1/3—31/5, 92 d.	14.12	651/17	9.194.52
—	1/6—31/8, 92 d.	14.12	676/63	9.547.24
—	1/9—5/10, 35 d.	5.37	687/57	3.692.25
	278 d.	42.66		

Fæðispen. 278/365 á 31 d. 23.61 80/— 1.888.80

Kr. 30.313.60

6 dagar pr. ár v/hátíð, helgi & tyllidaga — ½ d. pr. skráðan mán.

Litlafell	1/1—11/1, 11 d.	0.18	756/63	kr. 136.19
Arnarfell	22/1—28/2, 38 d.	0.66	640/23	— 422.55
—	1/3—31/5, 92 d.	1.50	—150 v/áætluð úttekin frí	
—	1/6—31/8, 92 d.	1.50	—150 v/do	
—	1/9—5/10, 35 d.	0.50	687/57	— 398.79
	268 d.			Kr. 957.53

Vinnutímastyttingarfrídagar — 20 pr. 365 dagar.

Litlafell	1/1—11/1, 11 d.	0.60	756/63	kr. 453.98
Arnarfell	12/1—28/2, 43 d.	2.63	640/23	— 1.683.80
—	1/3—31/5, 92 d.	5.04	651/17	— 3.281.90
—	1/6—31/8, 92 d.	5.04	676/63	— 3.410.22
—	1/9—5/10, 35 d.	1.92	687/57	— 1.320.13
	278 d.	15.23		Kr. 10.150.03
			+ 60%	— 6.090.02
				Kr. 16.240.05

Fært skv.	Skv. ofanrituðu
launanótu	yfirliti
28.431.57	30.313.60
3.412.80	957.53
15.676.55	16.240.05
Kr. 47.520.92	Kr. 47.511.18
Ofgreitt	9.74
Kr. 47.520.92	Kr. 47.520.92“.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, en framburður hans hefur ekki sjálfstæða þýðingu í málinu.

Stefnandi vann um rúmlega 10 mánaða skeið hjá stefnda á árinu 1966 án þess að taka sammingsbundið orlof.

Ágreiningslaust er, að stefnanda beri kaup fyrir unna frídaga í hlutfalli við tímalengd, er hann var í starfi hjá stefnda nefnt ár, og gerir stefnandi aðeins kröfu til þess, að miðað sé við lögskráningardaga, þ. e. samtals 268 daga.

Ágreiningsefni þau, sem eftir standa og til úrlausnar koma, eru hins vegar, hvernig reikna skuli síðastnefnt hlutfall, hvort stefnandi eigi rétt á 20 eða 23 daga orlofi samkvæmt 0 lið 4. gr. margnefnds samnings og hlutfallslegrar launagreiðslu í samræmi við þá unnu orlofsdaga og hvernig skuli reikna út dagkaup stefnanda.

Við munnlegan málf lutning var af hálfu stefnanda lagt fram samkomulag frá 22. nóvember 1967, sem stefndi og Vélstjórafélag Íslands eru m. a. aðiljar að, og er það viðurkennt af aðiljum þessa máls. Segir í samkomulagi þessu m. a., að kjarasamningar nefndra aðilja skuli framlengjast til 31. júlí 1968 með þeim breytingum, sem í samkomulagi geti, auk þeirra atriða, sem gerðardómur hafi úrskurðað þann 30. október 1967. Það, sem skiptir hér máli, er eftirfarandi úr samkomulaginu „... 0-liður 4. gr. kjarasamnings vélstjóra . . . skulu skildir og framkvæmdir þannig, að 20 frídagarnir, sem þar eru greindir, jafngildi 23 almanaksdögum, og greiðast þeir af þessum 23 dögum, sem ekki eru teknir með 1/30 mánaðarkaups að viðbættu 60% álagi“. Af hálfu stefnanda er sérstaklega í þetta ákvæði vitnað til stuðnings réttmæti kröfu hans í þessum lið, en af hálfu stefnda er því haldið fram, að ofanefnt ákvæði eigi ekki við um deiluefni þessa máls, þar sem ákvæði þetta sé ekki afturvirk. Í samræmi við fortakslaust orðalag kjarasamningsins, sbr. 0 lið 4. gr., ber að leggja til grundvallar, að greiðslur fyrir þá frídaga, sem þar er um að tefla, beri að miða við 20 daga á ári. Getur ofangreint samkomulag frá 22. nóvember 1967 ekki haggað þeirri niðurstöðu, þar sem það verður ekki talið virka aftur fyrir sig.

Svo sem fyrr greinir, er ágreiningur aðilja að öðru leyti aðeins um tilhögun á reikningsuppgjöri stefnda við stefnanda vegna starfa stefnanda í þjónustu stefnda á árinu 1966. Hefur stefndi samkvæmt því gert að fullu upp við stefnanda fram að áramótum 1965/1966. Stefnandi lét af störfum 5. október 1966 og hafði þá verið 278 daga í þjónustu stefnda það ár, ef ekki eru dregnir frá þeir dagar, sem stefnandi var eigi lögskráður í skiprúmi, þ. e. frá 11. til 22. janúar 1966. Með hliðsjón af ákvæðum 4. og 15. gr. kjarasamnings þess, er gildir um skipti málsaðilja, þykir mega fallast á, að uppgjör á umsömdum fríðögum og endurgjaldi fyrir þá skuli miða við hvert ár, sem vélstjóri hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Ef uppgjör tekur til skemmri tíma, á þessi réttur vélstjóra að skerðast að sama skapi.

Samkvæmt ofangreindu ber að fallast á reikningsuppgjör

stefnda við stefnanda, sem einnig verður að teljast rétt að öðru leyti, en útreikningur dagkaups er þar miðaður við kaupgjald og vísitölu, eins og var á hverjum tíma, er unnið var. Smávægilegar reikningsskekkjur í reikningsuppgjörinu skipta engu í málinu, eins og það liggur hér fyrir.

Af ofangreindu leiðir, að stefndi er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem dæmdur verður til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt samdómsmönnum Eggert Kristjánssyni, lög-giltum endurskoðanda, og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Lárusar Ó. Þorvaldssonar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
